

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 265/1984 um skuldbreytingarlán úr
Fiskveiðasjóði Íslands.

1. gr.

9. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Afgreiðslu skuldbreytingarlána samkvæmt reglugerð þessari skal lokið fyrir 1. janúar 1985.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 44/1976, sbr. l. nr. 40/1984 um breyting á lögum nr. 44 25. maí 1976, um Fiskveiðasjóð Íslands með síðari breytingum, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftibreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 12. desember 1984.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Gylfi Gautur Pétursson.

Nr. 465

5. desember

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og að fenginni tillögu borgarráðs hefir eftirfarandi verið ákveðið:

Bífreiðastöður verða bannaðar við Fífusel, húsagötu Flúðasels, Fljótasel og Fjarðarsel.

Auglýsing þessi tekur gildi 15. þ. m.

Lögreglustjórnin í Reykjavík, 5. desember 1984.

Sigurjón Sigurðsson.

Nr. 466

30. nóvember 1984

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Vopnafjarðarkauptúns.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 30. nóvember 1984 staðfest uppdrátt af aðalskipulagi Vopnafjarðarkauptúns.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð, sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps og Skipulagsstjórn ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 30. nóvember 1984.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.